

Áfrýjandinn fekk fyrir undirréttinum frest í $3\frac{1}{2}$ mánuð til vitnaleiðslu í málinu í hinum sömu sýslum, sem hann nú tjáist þurfa að leiða vitni í, og þar sem ekkert er komið fram um það, að honum þá hefði eigi átt að vera innan handar að leiða vitni þau, er hann nú vill fá frest til að leiða þar, þá verður honum eigi gegn mótmælum stefnda veittur nýr frestur í þessu skyni fyrir yfirdóminum. Til andsvara veitist honum aftur á móti viku frestur.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni 3 mánaða frestur til vitnaleiðslu verður ekki veittur áfrýjandanum, en honum veitist vikufrestur í málinu til andsvara.

Mánudaginn hinn 30. júlímánaðar.

Nr. 29/1906:

Réttvísinn
gegn

Magnúsi Knúti Sigurðssyni og
Rúti Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu uppkveðnum 2. des. f. á. voru hinir ákærðu dæmdir þannig: Magnús Knútur Sigurðsson fyrir brot gegn 155. og 272. gr. hegningarlaganna 25 júní 1869 til að sæta 4×5 daga

fangelsi við vatn og brauð og Rútur Þorsteinsson fyrir brot á stjórnarráðsauglýsingu 3. og 4. maí f. á. og lögum 31. jan. 1896, 14. gr., til að greiða 50 kr. sekt í landssjóð eða til vara sæta 15 daga einföldu fangelsi. Svo var hinum ákærðu gjört að greiða allan kostnað málsins, hvorum að helmingi, þar með talin málsvarn-arlaun til verjanda í héraði, Eggerts prests Pálssonar, 6 kr.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar.

Samkvæmt skýrslum málsins voru báðir hinir ákærðu, sem eiga heima undir Eyjafjöllum, til fiskiróðra í Vestmanneyjum í fyrra vor. Um miðjan maímánuð fóru þeir með strandferðaskipinu »Hólar« til Reykjavíkur til að skemta sér; á leiðinni, í Keflavík, fengu þeir frétt um það, að Reyjavík væri í sóttkví sökum mislinga, þannig að engum var leyft að fara úr bænum, er eigi hafði áður haft mislinga. Hinn ákærði Rútur var að eins tvítugur að aldri og hafði eigi haft mislinga. Með-ákærði Magnús Knútur var aftur á móti 28 ára að aldri og hafði haft mislinga. Hinir ákærðu fóru þó eftir sem áður til Reykjavíkur og dvöldu þar 3—4 daga; að þeim tíma liðnum fóru þeir aftur burt úr Reykjavík með skipinu »Kong Inge«, áður en sóttkvíun var aflétt. Með þessu athæfi gjörðist ákærði Rútur Þorsteinsson brotlegur gegn stjórnarráðsauglýsingum 3. og 4. maí f. á. sbr. sóttvarnarlög 31. jan. 1896, 14. gr., enda var það honum ljóst, að hann braut sóttkvíunarfyrirmælin, og hefir hann ekkert getað talið sér til málsbóta nema það eitt, að það var þá, er hann framdi brotið, í almæli, að sóttvarnarráðstöfununum mundi þá og þegar verða hætt, enda var sóttkvíun aflétt í Reykjavík fáum dögum síð-

ar. Svo ber og þess að geta, að engan skaða leiddi af athæfi ákærða.

Meðákærði Magnús Knútur Sigurðsson hefir kannast við það, og styrkist játning hans við annað það, er fram er komið í málinu, að honum hafi verið það ljóst, að Rútur mætti eigi fara úr Reykjavík meðan sóttkvíunarfyrimælin væru í gildi, og að hann hafi ásett sér að hjálpa Rúti alt að einu til þess að komast burt úr Reykjavík. Í því skyni gaf hann út yfirlýsingu upp á æru og samvizku um það, að Rútur væri 24 ára að aldri og hefði haft mislinga og ritaði nafn Rúts Þorsteinssonar undir án vitundar hans og án þess að hafa talað nokkurn hlut við hann um það. Þetta ranga og falsaða vottorð sýndi hann svo þar, er burtfaraleyfi úr bænum voru gefin út, og fekk samkvæmt því burtfaraleyfi eða passa fyrir Rút. Það kom þó eigi til þess að hann þyrfti að nota passa þennan, því að þeir hittu enga sóttverði, er þeir fóru úr bænum út í »Kong Inge«. Ákærði Magnús Knútur þykist hafa verið drukkinn, er hann falsaði yfirlýsinguna, en ekkert, sem fram er komið í málinu, styður þann framburð hans, og rithöndin á yfirlýsingunni ber eigi vott um það. Meðákærði Rútur virðist alls enga vitneskju hafa haft um þessar tiltektir Magnúsar Knúts. En þær sæta refsingu samkvæmt 156. gr. og 272. gr. alm. hegningarlaga.

Báðir hinir ákærðu eru komnir yfir lögaldur saka-manna og hafa eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurn glæp. Refsing Rúts Þorsteinssonar virðist hæfilega ákveðin eftir hinu tilvitnaða lagabóði 20 kr. sekt, er renni í landssjóð, en afplánist með 6 daga einföldu fangelsi, verði hún eigi öll greidd innan ákveðins tíma.

Refsing Magnúsar Knúts Sigurðssonar þykir hæfilega ákveðin eftir tilvitnuðum greinum hegningarlaganna 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Allan löglegan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 6 kr. og málflytningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra, greiði hinir ákærðu báðir in solidum.

Það athugast, að undirdómariinn hefir ekki lagt fram í málinu skírnavottorð eða aldursskírteini hinna ákærðu, en með því að á annan hátt er nægilega upplýst um aldur þeirra, þykir eigi ástæða til að heimta greind vottorð. Að öðru leyti vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Magnús Knútur Sigurðsson sæti 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Rútur Þorsteinsson greiði 20 kr. sekt í landssjóð eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, sé sektin eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Allan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 6 kr. til Eggerts prests Pálssonar og málsflytningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Guðmundar Eggerz og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors, greiði báðir hinir ákærðu in solidum.

Sektin greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og skal fullnægja dómnum yfirleitt með aðför að lögum.

Nr. 10/1906:

Benedikt Stefánsson og
Eyólfur Ófeigsson
gegn
Jóni Jónassyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn stefndi sjómaður í Reykjavík Jón Jónasson gegn áfrýjendunum kaupmönnum í Reykjavík, til að fá þá dæmda til að greiða sér 224 kr. 04. a. hvor, sem tiltölulegan hluta af borgun fyrir ferð hans til Englands til að velja og sækja hingað handa áfrýjendunum og 2 öðrum mönnum enskt botnvörpugufuskip, er þeir síðan ætluðu að kaupa, er hingað væri komið. Var málið dæmt í bæjarþinginu hinn 25. jan. þ. á. með þeim úrslitum, að áfrýjendurnir skyldu greiða stefnda hvor þeirra 199 kr. 05 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. febr. þ. á. og krafist þess að verða algjörlega sýknaðir í málinu, en til vara að þeir á engan hátt verði dæmdir til að greiða meira en tiltölulegan hluta af 400 kr., eða 100 kr. hvor. Svo krefjast þeir og málskostnaðar hjá stefnda eftir mati